



Vesturbyggð



Tálknafjarðarhreppur

FUNDARGERÐ NR. 3

Fundarstaður: Svörtuloft

Verkheiti: Verkfundargerð 0.8

Dagsetning : 06.07.2022 kl. 11:00

Verknúmer 0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

NAFN	SK	STAÐA / FYRIRTÆKI	PÓSTUR	
Sigurður Óskarsson	SÓ	Kubbur	TP sendur	siggi@kubbur.is
Rebekka Hilmarsdóttir	RH	Bæjarstjóri Vesturbyggð	TP sendur	baejarstjori@vesturbyggd.is
Ólafur Þór Ólafsson	ÓÞÓ	Sveitarstjóri Tálknafirði	TP sendur	sveitarstjori@talknafjordur.is
Geir Gestsson	GG	Sviðstjóri Vesturbyggð		geir@vesturbyggd.is
Ásmundur Einarsson	ÁE	Kubbur		asmundur@kubbur.is

Fundarefni og niðurstaða 2. fundar er svart letur en fundarefni og niðurstaða 3. fundar er blátt letur.

Fundarefni:

1. Fundargerðir

Í fundargerð verður farið yfir stöðu verks.

Fundargerðir skal gefa út innan tveggja daga frá fundi og athugasemdir skulu gerðar innan tveggja daga þaðan í frá.

2. 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar tilnefna eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks. sjá 0.2.3

Vesturbyggð tilnefnir: Geir Gestsson sviðstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Tálknafjörður tilnefnir ... Kemur á næstu dögum í Tp. Tálknafjörður þarf að tilnefna aðila

3. 0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1.2 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulega verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Gert er ráð fyrir verkfundum a.m.k. ársfjórðungslega, en oftar ef þurfa þykir. Nánari tímasetning verkfunda verður ákveðin í upphafi verksins. Verkfundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi og skulu fundargerðir verkfunda lagðar fram til kynningar fyrir bæjarráði Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps.

Á fyrsta verkfundi verður m.a. rætt um:

- Tímasetningu verkfundanna og fyrirkomulag þeirra.

Lagt er til að verkfundir verði haldnir sem næst eftirfarandi dagsetningum.

- 24.03 Fundur 1.

- 05.05 Fundur 2.
- 06.07 Fundur 3.
- 04.10 Fundur 4. Kl. 11:00

- Fyrirkomulag á gámasvæðum og gámavöllum, fjölda gáma og niðurröðun þeirra.

Verkkaupi óskar eftir að Kubbur komi þessum upplýsingum til verkkaupa. Verkkaupi tekur saman gögn um gáma og sendir til verkkaupa.

Verkkaupi ítrekar beiðni um að fá upplýsingar um gáma, fjölda og staðsetningar.

Ekki hafa borist umbeðnar upplýsingar frá verktaka. Því er beiðni ítrekuð.

- Fyrirkomulag og skipulag á afsetningarsvæðum, landmótunarsvæðum.

Óskað er eftir upplýsingum um hvenær Kubbur hyggst fara í flutning á járn og dekkjum frá svæðinu.

Farið verður í þá vinnu hratt með vorinu. Í framhaldinu verður stefnt að því að senda jafnóðum í burtu.

Hvernig er ástand á afsetningarsvæðum í dag? Íllfært hefur verið á svæðin til losunar. Verktaki mun hafa samband við verkkaupa þurfi að opna leið að efnislosunarsvæðum.

Verkkaupi óskar eftir að Kubbur sendi lista með ábendingum, um hvað þurfi að lagfæra, betrumbæta.

Verkkaupi ítrekar að fara þurfi í flutning af efni af svæðinu.

Ekki hefur borist erindi frá Kubbu um hvað þurfi lagfæringar, betrumbæta.

Skip verður líklega á sunnanverðum Vestfjörðum í byrjun júní sem taka mun járn.

Unnið verður í að fjarlægja og minnka hauga á svæðinu.

Rædd staða varðandi flutning á efni af svæðinu Fyrirhugað er að járn verði flutt frá svæðinu á næstu vikum.

- Fyrirkomulag og magn úrgangs á geymslusvæðum

Hefur Kubbur upplýsingar varðandi magn? Verður sent á verkkaupa.

Verkkaupi ítrekar beiðni um gögn.

Verkkaupi ítrekar beiðni um gögn.

- Framgangur verksins frá síðasta verkfundi.

Um fyrsta fund er að ræða og því óskar fundarritari eftir fundarmenn komi ábendingum á framfæri með TP.

Óænaægja hefur verið hjá íbúum eftir að Kubbur tók við sorphirðu. Ástæður þess? ... Lífrænt sorp hvernig á að gera, hirðutíðni hefur fallið niður vegna veikinda og veðurs, karabarrir fullir, vantar gjaldskrá, ekki rukkað, vantar betra upplýsingarflæði. Verktaki og verkkaupi eru sammála um að bæta upplýsingaflæði til íbúa með öllum þeim ráðum sem hægt er.

ÓþÓ....

GG...

SÓ...

Ábendingar hafa borist sviðstjóra varðandi gjaldtöku og þyngdar/rúmmálsmælingar.

Töluverð óánægja hefur verið hjá íbúum varðandi hvernig staðið er að rukkun og því hversu ógagnsæ gjaldtaka er.

Verkaupi mun bregðast við varðandi útgáfu á gjaldskrá fyrir svæðið mjög fljótlega og senda á verktaka.

Skv. lið 1. Verklýsing

„Við ákvörðun gjaldskrár gámasvæða, sem sett er af sveitarfélögunum, mun til viðbótar gjaldi fyrir þjónustu verktaka bætast við gjald verkkaupa til að standa straum af kostnaði við starfsleyfi og eftirlit ásamt kostnaði við afsetningarsvæðin sem og landmótun þeirra.“ **Gjaldskrá hjá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp er komin og er aðgengileg hjá Kubbu.**

Verktaki mun koma upp gjaldtöku á svæði líklega í næstu viku.

Lögð verður fram gjaldskrá fyrir næsta fund. **Gjaldskrá lögð fram.**

Verktaki þarf að hafa möguleika á að rukkað sé við hlið á móttökustöð.

Skv. lið 1. Verklýsing

„Íbúar í sveitarfélögunum greiða fyrir förgun á öllum úrgangi sem þeir skila af sér á gámasvæðum. Um er að ræða allt að 15 úrgangsflokka sem tekið verður á móti á svæðunum.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar greiða fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá gámasvæða.“ **Umræða um hvernig ferlar eru hjá verktaka ef fyrirtæki kemur með sorp á móttökustöð.**

Verktaki kemur upp gjalddöku á svæði í næstu viku. Hvernig er gjaldtaka og hvað þarf að lagfæra ? Magn á sorpi er í dag vigtað inn til verktaka og reikningar sendir í samræmi við vigt. Verktaki heldur skrá yfir lögaðila sem send verður til verkkaupa, með reikning hverju sinni.

Jafnframt verður verktaki að leiðbeina viðskiptavinum varðandi frágang á sorpi ef það leiðir til lægri gjalddök. skv. lið 1.8 Fræðsla – Yfirlit

„Einnig skal vera hvatning til að draga úr myndun úrgangs.“

Verkkaupi skoði kaup og uppsetningu á pallavigt á svæðin, búið er að óska eftir tilboði í vigtar sem hentar. Málið rætt áfram á næsta fundi. **Búið var að óska eftir tilboði í vigtar en ekki er komið svar frá söluaðila. Málið unnið áfram með það að markmiði að koma upp vigtum sem fyrst.**

Verkkaupa barst ábending frá lögaðila varðandi vigtun á úrgangsflokki, hvort eðlilegt væri að vigta margsinnis sama dag sama úrgangsflokk ?

Málið skoðað.

- Helstu úrgangsstrauma, í samræmi við grein 0.8.5

Kubbur skilar skilagreinum til GG með reikningum, þar sem helstu úrgangsstraumar koma fram.

Ítrekað er að aðgreining þarf að vera milli húsasorps og stofnanna, fyrirtækja sjá 0.8.5

Aðgreining er til staðar þar sem fyrirtæki og stofnanir eru vigtuð sér.

- Fjöldi tunna við heimili

Kubbur mun í samráði við aðila frá Verkkaupum fara ferð um svæðið þar sem tunnur verða taldar.

Áætluð þannig ferð verður farinn í apríl, maí

Lagt til að verktaki láti eftirlitsaðila vita er næsta ferð verður farinn. Verkkaupi mun senda aðila í þá ferð. Samþykkt að farin verði talningarferð.

Ekki hefur gefist tækifæri til talningarferðar. Horfa þarf til þess eins fljótt og hægt er að farið verði í þannig ferð. Þarf að skoða og skrá sérstaklega við fjölbýli.

- Losanir hjá fyrirtækjum og stofnunum, magn og tegund úrgangs og hjá hverjum

Losun fyrirtækja og stofnanna er utan samning, því verður að vanda vigtanir og áætlað magn sem kemur á söfnunnarsvæði. Aðgreining þess magn þarf að vera skýrt og algjörlega sértækt frá hendi Kubbs. 0.8.5

Verkkaupi óskar eftir upplýsingum um hvaða fyrirtæki hafa samning við Kubb. **Ítrekað er að samningar milli Kubbs og lögaðila eiga að berast sveitarfélögum, þannig að hægt sé að yfirfara hvort aðilar geti farið yfir hvort verið sé að rukka rétt. Vísad í afgreiðslu fyrr í fundargerð.**

0.8.2 Gæði verksins

Öll vinna við söfnun og flutning úrgangs skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Þeir sem vinna verkið skulu hafa þá reynslu og færni sem með þarf til að vinna verkið og full réttindi á tæki sem notuð eru.

Af hálfu verkkaupa verður eftirlit með verklagi verktaka skv. kafla 0.2.3. Ef eftirlitsmenn verkkaupa verða þess varir að verk er illa af hendi leyst, geta þeir krafist þess að verktaki bæti verklag sitt og bæti einnig það sem illa var leyst af hendi ef það er hægt vegna eðli verksins.

Vinna verktaka eftir tilgreindu gæðakerfi skal ná til þessa verks svo tryggja megi stöðug gæði á þjónustu fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Ílát skulu sótt frá húsum í þéttbýli og dreifbýli, þau tæmd og síðan komið aftur til réttra notenda. Þeim skal raðað beint og snyrtilega þar sem þau stóðu áður.

Verktaki skal stuðla á allan hátt að því að flokkun úrgangs verði sem mest og best að gæðum í endurvinnslulát og leiðbeina íbúum ef þeir beina til þeirra fyrirspurnum.

Verktaki skal fara vel með ílát og ber hann ábyrgð á skemmdum sem hann veldur á þeim. Verktaki skal sjá til þess að ílát séu snyrtileg í útliti.

Sjá einnig kröfur í 7. kafla m.a. um umgengni og öryggi.

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar tilnefna eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verks, skal hann tafarlaust hafa samráð við eftirlitsmenn.

Ef um ósamræmi er að ræða í lýsingum eða gögnum skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmönnum það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

Rætt um að hreinsa þurfi betur upp á þeim svæðum þar sem verið er að færa efnisflokka milli gámaeininga.

Raka þurfi saman og taka betur upp smátt sorp, sem annars mun fjúka af svæðinu.

Óhöpp við vinnu verktaka, ef einhver eru, í samræmi við grein 0.7.5

Enginn skráð óhöpp, utan utan vega akstur þar sem ekki varð um tjón að ræða.

Fá skráð óhöpp, eru skráð í handbók verktaka.

Engin skráð óhöpp.

4. Önnur mál

Rætt um gjaldtöku á svæðum.

Sendir verða reikningar á þá sem koma með efnisflokka og fljótlega verður skoðað hvort farið verði í posaútfærslu. Útfærsla gjaldtöku er á hendi verktaka. Ásmundur mun sjá um að koma gjaldskrá til Verkkaupa. Rætt undir lið framgangur verksinns. Unnið verður að lausn varðandi reikninga og gjaldtöku.

Lífrænn úrgangur verður fyrst um sinn keyrt í burtu en til greina kemur að vinna efnisflokkinn meira fyrir Vestan, er reynsla kemur á verkið.

Rætt um máispoka og útteilingu til til íbúa, unnið verður í því mjög fljótlega að koma pokum til íbúa.

Máispokar ekki enn komnir til íbúa. Verkkaupi óskar eftir að unnið verði hraðar í málinu, þannig að pokar skili sér fljótlega á heimili.

Ítrekað við verktaka að samkvæmt samning ber verktaka að koma pokum til íbúa, samþykkt hefur verið hjá sveitarfélögum að greiða fyrir pokanna og því ítrekað aftur við verktaka að koma máis pokum til íbúa.

Umræða varðandi bækling sem búið er að dreifa á heimili.

Umræða um að verkkaupi og verktaki standi sameiginlega að kynningarfundum á sunnanverðum

Vestfjörðum. Ásmundi og Geir falið að vinna að málinu og að fundir verði ekki seinna en í apríl.

Áhersla lögð á að fundinn verði tími mjög fljótlega til að standa fyrir kynningarfundum í bæjarfélögunum.

Málið rætt í næstu viku er Ásmundur verður á svæðinu.

Vegna anna Verktaka og verkkaupa við innleiðingu á nýju kerfi og ýmsu er það snertir, hefur ekki tekist að koma á almennum kynningarfundum við íbúa. Áfram er krafa á bæði verkkaupa og verktaka að staðið verði að

kynningu til íbúa sem allra fyrst. Málinu vísað til verktaka að finna og kynna dagsetningu og koma þeirri tillögu til verkkaupa.

Rætt um karabari í sveitum og útfærslur á þeim ílátum, nauðsýn er að gera þau svæði slétt (steipt) og snyrtileg (til eru góðar útfærslur á tunnum) til að auka líkur á að vel verði gengið um svæðin.

Verktaki skilar inn til verkkaupa verðkönnun á steiptu svæði fyrir ílát.

Verkkaupi ítrekar ósk um verðkönnun frá verktaka á svæðum undir karabari í sveitum.

Ástand svæða í sveitum rætt sérstaklega en borið hefur á yfirfullum ílátum og ósnyrtilegu umhverfi svæða.

Unnið er að úrbótum í samráði við verktaka.

Tálknafrjarhreyppur óskar eftir samtali við verktaka um útfærslu á svæði utan við Tálknafrjörð (nærri gömlu steypustöðinni) til söfnunar á almennu sorpi.

Lagðar fram kvartanir frá íbúa á lögbýli varðandi sorphirðu. Verktaka falið að vinna að úrbótum gagnvart viðkomandi.

Gámasvæði Tálknafrjó í samning er gert ráð fyrir ákveðinni opnun, rætt um nýjar tímasetningar á svæðum.

Móttaka og afskráning bíla:

Skv. lið 0.1.4 „Þá skal verktaki taka á móti afskráðum bifreiðum á gámavöllum á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafrjó, gera þær tilbúnar til og koma, í endurvinnslu.“

Getur verktaki tekið við bílum á gámavöllum ? Verktaki mun yfirtaka verkþátt í samræmi við samning á Tálknafrjó og Patreksfirði. Aðstaða er ekki til staðar strax á Bíldudal en verið er að vinna í að koma henni upp.

Rætt um hvernig hafi gengið með móttöku á bílum til afsetningar.

Samþykkt að upplýsingaskilti fyrir svæðin verði endurnýjuð í samræmi við nýjan þjónustuaðila.

Móttökubar fyrir gjaldfrjálsa efnisflokka þarf að endur merkja með merkingum frá Fenur. Verktaki mun aðstoða verkkaupa við að fá nýjar merkingar á gámakrá.

Verktaki tekur að sér að heildarskoðun merkinga á svæðum og koma með tillögu að úrbótum því tengt.

5. Dreifing fundargerðar og viðhengi
Til fundarmanna, verktaka og verkkaupa.

6. Næsti verkfundur
Næsti verkfundur áætlaður 04.10.2022 kl. 11:00

Fundarritari: Geir Gestsson

Fundi slitið kl. 12:30

Fh. Verkkaupa

Fh. Verktaka

Geir Gestsson Sviðstjóri Vesturbyggð
Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri

Sigurður Óskarsson



